

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 18/2016

2017/EES/45/18

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1981 frá 4. nóvember 2015 um að samþykkja formaldehýð, sem er leyst úr N,N-metýlenbismorfólíni, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 6 og 13 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1982 frá 4. nóvember 2015 um að samþykkja hexaflúmúrón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1985 frá 4. nóvember 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um veirueyðandi pappírspurrkur sem eru gegndreyptar með sítrónusýru <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12nns (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1759) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12nnt. **32015 R 1981**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1981 frá 4. nóvember 2015 um að samþykkja formaldehýð, sem er leyst úr N,N-metýlenbismorfólíni, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 6 og 13 (Stjútíð. ESB L 289, 5.11.2016, bls. 9).

12nnu. **32015 R 1982**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1982 frá 4. nóvember 2015 um að samþykkja hexaflúmúrón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjútíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 13).

12nnv. **32015 D 1985**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1985 frá 4. nóvember 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um veirueyðandi pappírspurrkur sem eru gegndreyptar með sítrónusýru (OJ L 289, 5.11.2015, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2015/1981 og (ESB) 2015/1982 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1985, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 26.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.